

STJÓRNARTÍÐINDI B 120 – 2004

29. september 2004

1969

Nr. 791

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tilögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
0701.9001	Bökunarkartöflur, 65 mm				
	eða stærri	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	30
0701.9009	Annars (kartöflur)	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	60
0703.9001	Blaðlaukur	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál	01.10.04-10.10.04	ótilgr.	0	176
0704.1000	Blómkál	11.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	110
0704.9003	Kínakál	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	206
0704.9004	Spergilkál	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	136
0706.9001	Gulrófur	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.10.04-17.10.04	ótilgr.	0	193
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	18.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	0
0709.5100	Sveppir	01.10.04-30.06.05	ótilgr.	0	80

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2005.

Landbúnaðarráðuneytinu, 29. september 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

REGLUGERÐ

um móttöku á úrgangi frá skipum.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að draga úr losun úrgangs og farmleifa í sjó frá skipum með því að tryggja aðstöðu í höfnum til að taka við úrgangi frá skipum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi orða og hugtaka sem hér segir:

Farmleifar: leifar hvers konar farms um borð í skipum, í lestum eða tönkum, sem verða eftir að lokinni affermingu og hreinsun, þar með talið umframmagn og leki í tengslum við fermingu eða affermingu.

Fiskiskip: hvert það skip sem er útbúið eða notað til fiskveiða eða til að afla annarra lifandi auðlinda sjávar í atvinnuskyni.

Höfn: svæði á landi og sjó með mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga og til móttöku og brottfarar farþega.

MARPOL-samningurinn: alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum frá árinu 1973, ásamt bókun frá árinu 1978 (MARPOL 73/78).

Móttökuaðstaða í höfnum: hvers konar aðstaða, hvort sem hún er föst, fljótandi eða hreyfanleg, sem nota má til að taka á móti úrgangi frá skipum og farmleifum.

Skemmtibátur: skip af hvaða gerð sem er ætlað til íþrótta eða tómstunda, óháð tegund búnaðar til að knýja skipið áfram.

Skip: sérhvert fljótandi far.

Úrgangur frá skipum: allur úrgangur, þar með talið skolp og leifar aðrar en farmleifar, sem verður til við störf um borð í skipi og fellur undir gildissvið I., IV. og V. viðauka við MARPOL-samninginn, svo og farmtengdur úrgangur eins og hann er skilgreindur í leiðbeiningum um framkvæmd V. viðauka við MARPOL-samninginn.